



2010

Þjóðarspegilinn

## Hamingja, stjórn málaafstaða og efnahagshrunið

Hulda Þórisdóttir

Stjórn málafræðideild  
Ritstjóri: Silja Bára Ómarsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-06-8



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Hamingja, stjórn málaafstaða og efnahagshrunið

Hulda Þórisdóttir

Á árunum fyrir efnahagshrunið 2008 setti það vart lengur tíðindum þegar fréttir bárust af alþjóðlegum mælingum sem sýndu að Íslendingar væru meðal hamingjusömustu þjóða heims, ef ekki sú allra hamingjusamasta („Íslendingar eru“, 2003; „Iceland is“, 2006; „Iceland happiest“, 2007). Ekki eru enn ljós langtímaáhrif hrunsins á hamingju landsmanna en kannanir Lýðheilsustöðvar árin 2008 og 2009 benda til lítilla breytinga enn sem komið er (Lýðheilsustöð, 2009). En má vera að hrunið hafi haft misjöfn áhrif á ólíka hópa fólks? Er möguleiki að efnahagshrunið og þær róttæku samfélagslegu breytingar sem það hafði í för með sér, að minnsta kosti til skemmri tíma lítið, hafi dregið úr hamingju sumra en jafnvel aukið hana hjá öðrum? Þessi rannsókn byggir á kenningum og fyrri rannsóknum um tengsl stjórn málaafstöðu við hamingju og er tilgangur hennar tvíþættur. Í fyrsta lagi að meta hvort bandarískar og evrópskar niðurstöður rannsókna á tengslum stjórn málaafstöðu og hamingju komi einnig fram meðal Íslendinga. Í öðru lagi að prófa tilgátu leidda af fyrri rannsóknum um möguleg áhrif efnahagshrunsins á tengsl stjórn málaafstöðu og hamingju.

Skoðanakannanir meðal Bandaríkjamanna hafa sýnt að allt frá árinu 1972 hafa repúblíkanar og þeir sem telja sig hægra megin við miðju verið líklegri en demókratar og þeir vinstra megin við miðju til að segjast mjög hamingjusamir (Taylor, Funk og Craighill, 2006; Taylor, 2008). Í Evrópu hafa þeir sem staðsetja sig hægra megin við miðju á vinstri-hægri kvarðanum einnig talið sig hamingjusamari en þeir til vinstri (Alesina, Di Tella og MacCulloch, 2004). Skýringar á þessum muni liggja að einhverju leyti í bakgrunnsbreytum. Í Bandaríkjunum eru repúblíkanar til að mynda líklegri en demókratar til að vera trúaðir en trú hefur jákvæða fylgni við hamingju (Haidt, 2006). Þá segjast miðaldra einstaklingar síður hamingjusamir en þeir sem eldri og yngri eru (Blanchflower og Oswald, 2004).

Bakgrunnsbreytur skýra þó ekki nema lítinn hluta af tengslum hamingju og stjórn málaafstöðu. Í rannsókn frá árinu 2008 leituðu Napier og Jost sálfræðilegra skýringa á þessu sambandi. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að hægrisinnaðir eru líklegri en vinstrisinnaðir til þess að trúa því að samfélagið sé í eðli sínu sanngjarnt, innviðir þess réttlátir og að þeir sem leggi hart að sér hljóti umbun til samræmis við erfiðið (Jost, Nosek og Gosling, 2008). Enn fremur eru einstaklingar sem hafa slíka trú á sanngirni samfélagsins almennt ánægðari með lífið, og segjast upplifa fleiri jákvæðar og færri neikvæðar tilfinningar en þeir sem telja samfélagið óréttlátt (Lerner, 1980; Major, 1994; Napier, Thorisdóttir og Jost, 2010; Wakslak, Jost, Tyler og Chen, 2007). Ef út frá því er gengið að flest fólk telji æskilegt að samfélagið sé réttlátt og sanngjarnt þá ógnar augljós ójöfnuður, sem ekki er auðveldlega skýrður með mismunandi framlagi einstaklinga, hugmyndum fólks um réttlæti. Napier og Jost settu fram þá tilgátu að trú á sanngirni samfélagsins geti við þær aðstæður virkað sem nokkurs konar stuðpúði gagnvart ójöfnuði, þar með töldum efnahagslegum ójöfnuði. Þar sem hægrisinnaðir eru líklegir til þess að telja ójöfnuð óhjákvæmilegan ef ekki æskilegan (Jost, Glaser, Kruglanski og Sulloway, 2003), leiðir af því að efnahagslegur ójöfnuður í samfélaginu ætti síður að hafa neikvæð áhrif á hamingju þeirra heldur en vinstrisinnaðra. Tölfræðigreiningar á þremur líkindaúrtökum Bandaríkjamanna, þar af einu sem náði yfir 30 ára tímabil, og níu Evrópulöndum studdu tilgátu Napier og Jost (2008) þess efnis að afstaða til ójöfnuðar miðli tengslum stjórn málaafstöðu og hamingju. Niðurstöður

þeirra leiddu með öðrum orðum í ljós að möguleg ástæða þess að hægrisinnaðir segiast hamingjusamari en vinstrisinnaðir er sú að þeir eiga auðveldara með að setta sig við og jafnvel réttlæta efnahagslegan ójöfnuð í samfélaginu.

Á Íslandi, rétt eins og í nágrannalöndum okkar, nota lærðir jafnt sem leikir vinstri-hægri kvarðann þegar talað er um stjórn málaafstöðu. Til að mynda má án ágreinings raða fjórum helstu stjórn mála flokkum landsins frá vinstri til hægri í eftirfarandi röð: Vinstri-græn, Samfylking, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Þrátt fyrir almenna notkun á vinstri-hægri hugtakinu hafa ekki verið gerðar rannsóknir á því hvað nákvæmlega felst í því þegar Íslendingar skilgreina sig til vinstri eða hægri á stjórn málarófinu. Íhaldssemi, eins og hún endurspeglast gjarnan í öðrum löndum í viðhorfum til félagslegra mála á borð við fóstureyðingar, trúmál eða réttindi samkynhneigðra, hefur ekki vakið upp teljandi deilur í íslensku samfélagi undanfarin ár né hafa stjórn mála flokkar sett slík mál á oddinn. Munurinn á hægri og vinstri í hugum Íslendinga markast líklega einkum af afstöðu til efnahagsmála, þá fyrst og fremst af því hvert sé hlutverk ríkisins í að tryggja efnahagslega velsæld og jöfnuð (sjá vísbandingar þess efnis í Ólafur Þ. Harðarson, 1995; Þórisdóttir og Jost, í prentun). Það má því gera ráð fyrir því að röksemdafærsla Napier og Jost um ástæðu þess að hægrisinnaðir séu hamingjusamari en vinstrisinnaðir eigi einnig við á Íslandi.

Hagfræðingar hafa fengist talsvert við að meta áhrif bæði einstaklings- og þjóðartekna á hamingju. Svo virðist sem að á hverjum tíma sé jákvætt samband á milli einstaklingstekna og hamingju en að tekjuaukning valdi ekki aukningu á hamingju fólks til lengri tíma lítið (Kahneman, Krueger, Schkade, Schwarz og Stone, 2006). Einnig eru ríkari þjóðir hamingjusamari en fátækar en um það er deilt hvort auknar þjóðartekjur leiði til varanlegrar aukningar á hamingju (Stevenson og Wolfers, 2008; Di Tella og MacCulloch, 2008). Í ljósi þessa má reikna með að hamingja Íslendinga hafi heldur sigið niður á við í kjölfar efnahagshrunsins því þá lækkuðu meðaltekjur einstaklinga (að minnsta kosti kaupmáttur). Efnahagshrunið hafði þó ekki einungis breytingar á tekjum fólks í för með sér. Samkvæmt útreikningum á Gini stuðli jókst ójöfnuður í íslensku samfélagi á árunum fyrir hrun. Stuðullinn var 24,1 árið 2004 en fór upp í 28,0 árið 2007 (Hagstofa Íslands, 2010). Á sama tíma var líka talsverð fjölmiðlaumfjöllun um ofurlaun innan fjármálageirans (sjá til dæmis „Óábyrg ofurlaun“, 2006) og aukinn launamunur í samfélaginu („Tekjubilið breikkar“, 2007). Þá sýndi skoðanakönnun Capacent Gallup í apríl árið 2007 að til samræmis við reikninga Hagstofu Íslands og fjölmiðlaumfjöllun þá taldi 71% Íslendinga ójöfnuð í samfélaginu hafa aukist á síðastliðnum fjórum árum („Skoðanakönnun Capacent“, 2007). Hrunið dró að öllum líkindum úr skynjun fólks á launaójöfnuði í samfélaginu. Í fyrsta lagi var það alkunna að við gjaldþrot bankanna missti margt hálaunafólk innan fjármálageirans vinnu sína og risavaxnir kaupaukar voru úr sögunni. Í öðru lagi tók vinstri stjórn við völdum sem hækkaði skatta með margvíslegum hætti, til dæmis með hátekjuskatti. Til samræmis sýna útreikningar Hagstofu Íslands að Gini stuðullinn lækkaði árið 2008 niður í 27,3 (stuðullinn hefur þó hækkað aftur og var 29,6 árið 2009). Ef sú kenning er rétt að ein ástæða þess að vinstrisinnaðir mælast ekki eins hamingjusamir og hægrisinnaðir sé sú að þeir þoli síður ójöfnuð í samfélaginu, ætti efnahagshrunið með tilheyrandi breytingum á skynjuðum ójöfnuði að hafa dregið minna úr hamingju vinstrisinnaðra en þeirra til hægri.

Þær tilgátur sem settar hafa verið fram hér að framan og prófaðar verða í þessari rannsókn eru því eftirfarandi:

1. Jákvæð fylgni er á milli þess hversu langt til hægri fólk staðsetur sig á vinstri-hægri kvarðanum og hversu hamingjusamt það segist vera.
2. Viðhorf til efnahagslegs ójöfnuðar skýrir tölfræðilega sambandið á milli vinstri-hægri og hamingju. Með öðrum orðum er ein ástæða neikvæðs

sambands vinstrisinnaðrar stjórnmálaafstöðu og hamingju sú að fólk til vinstri er ósáttara við efnahagslegan ójöfnuð í samfélaginu en hægrisinnaðir.

3. Sé tilgáta 2 rétt, ætti hamingja fólks til vinstri ekki að hafa beðið eins mikinn hnekki við efnahagsbrunið og þeirra til hægri.

## Aðferð

Í þessari rannsókn voru greind gögn úr umfangsmikilli langsniðsrannsókn á vegum Lýðheilsustöðvar sem nefnist *Heilsa og líðan Íslendinga* (Lýðheilsustöð, 2010; sjá einnig á <http://www.lydheilsustod.is/rannsoknir/heilsa-og-lidan-2007/>). *Heilsa og líðan Íslendinga* er samþykkt af Vísindasiðanefnd og unnin í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, Landlæknisembættið, Landspítalann og Vinnueftirlitið, auk sérfræðinga hjá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Rannsóknin, sem er póstkönnun, var fyrst lögð fyrir árið 2007. Aftur var ráðist í framkvæmd hennar haustið 2009 til þess að meta áhrif hrunsins á heilsufar þjóðarinnar. Árið 2007 voru sendir út spurningalistar til slembiúrtaks 9.711 Íslendinga á aldrinum 18-79 ára en 5.906 svör skiluðu sér sem er 60,8% svarhlutfall. Árið 2009 var aftur sendur út spurningalisti til allra þeirra sem svöruðu árið 2007 og höfðu samþykkt skriflega að taka þátt í framhaldsrannsókn. Alls bárust þá 4079 gild svör sem er 42,0% svarhlutfall af upphaflegu úrtaki og jafnframt sá fjöldi þátttakenda sem notast er við í þessari rannsókn.


Hamingja var metin árin 2007 og 2009 með spurningunni: „Þegar á heildina er lítið, hversu hamingjusama/n telur þú þig vera?“ og var svarkvarðinn frá 1 (mjög óhamingjusöm/-samur) til 10 (mjög hamingjusöm/-samur). Allar aðrar breytur notaðar í þessum greiningum voru einungis mældar árið 2009. Spurt var um stjórnmálaafstöðu árið 2009 með spurningunni: „Í stjórnmálum er oft talað um „vinstri“ og „hægri“, hvar myndir þú staðsetja sjálfa/n þig á eftirfarandi kvarða þar sem 0 þýðir lengst til vinstri og 10 þýðir lengst til hægri.“ Viðhorf til efnahagslegs ójöfnuðar var einnig metið árið 2009 með því að svarendur tóku afstöðu til fullyrðingarinnar: „Launamunur á Íslandi er of mikill“ og voru svör gefin á kvarðanum 1 (mjög ósammála) til 5 (mjög sammála). Þess var gætt að mælingin á viðhorfi til ójöfnuðar jafngilti ekki mælingu á hugmyndafræði. Það er að segja, einungis var spurt hvort fólk álitu launamun á Íslandi vera of mikinn en ekki hvað það álitu um orsakir hans eða mögulegar lausnir. Það var til dæmis ekki spurt hvort fólk teldi að tekjuháir ættu að borga hærri skatta en þeir sem lægri tekjur hafa eða hvort það sé hlutverk ríkisins að draga úr ójöfnuði. Til viðbótar við þessar meginbreytur rannsóknarinnar var leiðrétt fyrir áhrif eftirtalinnna bakgrunnsbreyta: Kyn (0 = karl, 1 = kona), menntun (10 bila kvarði frá barnaskólaprófi til doktorsprófs), heildartekjur svarandans (10 bila kvarði) og aldur í árum árið 2009. Einnig var leiðrétt fyrir aldur í öðru veldi þar sem rannsóknir hafa sýnt að yngri og eldri fólk er hamingjusamara en fólk um miðjan aldur (Blancflower og Oswald, 2004). Allar frumbreytur (að undanskildu kyni) voru miðjaðar um meðaltal. Notuð var vigt til að fá prósentutölur eins og kynja, búsetu og aldursskipting þjóðarinnar var árið 2007.

## Niðurstöður

### Lýsandi tölfræði


Árið 2007 var hamingja á kvarðanum 1-10 að meðaltali 7,99 ( $Sf = 1,76$ ) og árið 2009 var meðaltalið 7,89 ( $Sf = 1,76$ ). Í báðum tilvikum var dreifingin neikvætt skekkt, tíðasta gildi og miðgildi var 8. Að meðaltali var stjórnmálaafstaða á kvarðanum 0-10

mjög nálægt miðju, eða  $M = 5,16$  ( $Sf = 2,35$ ) og eins og sjá má á mynd 1 speglaðist dreifing nokkuð jafnt um miðju.



Mynd 1. Stjórn málaafstaða svarenda, eða dreifing á vinstri-hægri kvarðanum (0-10)

Bæði árin 2007 og 2009 mátu um 40% svarenda hamingju sína 9 eða 10 á kvarðanum 1 - 10. Á mynd 2 má sjá hlutfall þeirra sem staðsettu sig í þessum tveimur efstu þrepum hamingju eftir því hvort þeir sögðust vera til vinstri við miðju (0 - 4), á miðju (5) eða hægra megin við miðju (6 - 10). Eins og sjá má, mátu 45% hægrisinnaðra hamingju sína sem 9 eða 10 árið 2007 en það hlutfall hafði lækkað niður í 43% árið 2009. Fólk til vinstri var mun ólíklegra til að meta sig í hæsta hamingjuflokki, eða 36% árið 2007 en 38% 2009. Hægrisinnuðum fækkaði því eilítið í flokki þeirra hamingju-sömustu milli kannana á meðan vinstrisinnuðum fjölgaði.



Mynd 2. Hlutfall svarenda eftir stjórnmálaafstöðu sem mátu hamingju sína 9 eða 10 á kvarðanum 1 - 10

Fylgnifylki helstu breyta rannsóknarinnar má sjá í töflu 1. Eins og sjá má í töflunni minnkar andúð á launaójöfnuði eftir því sem svarandi metur sig lengra til hægri en fylgnin er þó langt því frá að vera svo há að hún nálgist samtögnun breyta.

Tafla 1. Fylgnifylki ( $r$ ) fyrir helstu breytur rannsóknarinnar

	Hamingja 2007	Hamingja 2009	Andúð á launaójöfnuði
Vinstri-hægri	0,082***	0,052***	-0,287***
Hamingja 2007		0,568***	-0,055***
Hamingja 2009			-0,080***

\*  $p < ,05$ . \*\*  $p < ,01$ . \*\*\*  $p < 0,001$

### Tilgáta 1

Tveggja þrepa fjölbreytuaðhvarfsgreining var notuð til að prófa þá tilgátu að því lengra sem svarendur staðsetji sig til hægri á vinstri-hægri kvarðanum því hamingjusamari segist þeir vera. Í fyrsta þrepi var því stjórn málaafstaða látin spá fyrir um hamingju árið 2009 og í öðru þrepi var bakgrunnsbreytum bætt við. Eins og sjá má í fyrsta þrepi í töflu 2, var marktækt jákvætt samband á milli stjórn málaafstöðu og hamingju. Í þrepi tvö má sjá að þetta samband hélst marktækt þegar leiðrétt var fyrir kyn, aldur, aldur í öðru veldi, menntun og heildartekjur svarenda. Því er stjórn málaafstaða til hægri marktækt tengd því að fólk telji sig hamingjusamara.

Tafla 2. Óstaðlaðir hallastuðlar fjölbreytuaðhvarfsgreiningar á mati svarenda á eigin hamingju (1 - 10) í könnuninni Heilsa og líðan 2009. Staðalvillur í sviga

Frumbreyta	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3
Vinstri-hægri	0,037 (0,029)**	0,031 (0,012)**	0,021 (0,013)
Heildartekjur		0,088 (0,015)***	0,080 (0,015)***
Menntun		0,029 (0,010)**	0,024 (0,010)*
Kyn		0,115 (0,061)	0,130 (0,061)*
Aldur		0,003 (0,002)	0,004 (0,002)*
Aldur <sup>2</sup>		0,001 (0,0001)***	0,001 (0,0001)***
Andúð á launaójöfnuði			-0,125 (0,039)**

\*  $p < ,05$ . \*\*  $p < ,01$ . \*\*\*  $p < 0,001$

Greiningar byggja á 3.630 svörum.

### Tilgáta 2

Þegar andúð á launaójöfnuði var bætt inn í fjölbreytuaðhvarfslíkanið í þrepi 3 spáði sú andúð marktækt fyrir um lægri hamingju og reyndist þá jafnfamt samband stjórn málaafstöðu og hamingju ekki lengur marktækt. Í framhaldi var gerð miðlunargreining til að prófa tilgátuna að viðhorf til efnahagslegs ójöfnuðar skýri, að minnsta kosti að hluta til, samband stjórn málaafstöðu og hamingju. Reiknuð var aðhvarfsgreining þar sem stjórn málaafstaða spáði fyrir um viðhorf til ójöfnuðar og leiðrétt var fyrir sömu bakgrunnsbreytur og áður. Niðurstaða sýndi marktækan hallastuðul fyrir stjórn málaafstöðu,  $b = -0.086$ ,  $St.v. = 0,005$ ,  $p < ,001$ . Sobel próf (Baron og Kenny, 1986)

staðfesti, eins og spáð hafði verið, að andúð á launaójöfnuði veitir tölfræðilega marktæka skýringu á lægri hamingju vinstrisinnaðra, Sobel próf = 3,00,  $p < 0,01$ .

### Tilgáta 3

Að lokum var prófuð sú tilgáta að breyting á eigin mati á hamingju fyrir og eftir efnahagshrun tengist stjórn málaafstöðu. Eins og sjá má í töflu 1 var lægri fylgni á milli hamingju og stjórn málaafstöðu árið 2009 en árið 2007. Til þess að meta tölfræðilega marktækar breytingar á hamingju voru gildin fyrir hamingju hvers svaranda árið 2009 dregin frá hamingju hans árið 2007. Niðurstaðan var því mismunagildi þar sem neikvæð tala merkir að svarandi hafi talið sig óhamingjusamari árið 2009 samanborið við árið 2007, en jákvæð tala að hann hafi talið sig hamingjusamari. Til að prófa tilgátuna var því næst keyrð fjölbreytuaðhvarfsgreining þar sem stjórn málaafstaða var frumbreyta en breytingar á hamingju fylgibreyta. Leiðrétt var fyrir sömu bakgrunnsbreytur og áður. Eins og sjá má í töflu 3 spáði stjórn málaafstaða marktækt fyrir um breytingar á hamingju milli árunna 2007 og 2009 með þeim hætti að hamingja svarenda lengra til hægri lækkaði meira á milli ára en hamingja vinstrisinnaðra. Hallastuðull stjórn málaafstöðu hélst marktækur þegar leiðrétt var fyrir bakgrunnsbreytur. Tilgáta 3 var því studd.

Tafla 3. Óstaðlaðir hallastuðlar fjölbreytuaðhvarfsgreiningar á breytingu á hamingju milli árunna 2007 og 2009 í könnuninni Heilsa og líðan 2009. Staðalvillur í sviga

Frumbreyta	Þrep 1	Þrep 2
Vinstri-hægri	-0,024 (0,011)*	-0,027 (0,011)*
Heildartekjur		-0,010 (0,013)
Menntun		-0,009 (0,009)
Kyn		-0,126 (0,055)*
Aldur		-0,005 (0,002)**
Aldur <sup>2</sup>		0,0001 (0,0001)*

\*  $p < ,05$ . \*\*  $p < ,01$ . \*\*\*  $p < 0,001$

Greiningar byggja á 3.598 svörum.

## Umræða

Niðurstöður tölfræðigreininga styðja tilgáturnar þrjár sem settar voru fram í upphafi. Í fyrsta lagi voru endurteknar niðurstöður erlendra rannsókna um tengsl stjórn málaafstöðu og hamingju. Nánar til tekið, því lengra til hægri sem fólk staðsetur sig á vinstri-hægri kvarðanum því hamingjusamara segist það vera. Til samræmis við tilgátu tvö sýndu niðurstöður að tengsl stjórn málaafstöðu og hamingju héldust ekki marktæk þegar afstaða til launaójöfnuðar var tekin inn í myndina. Marktækar niðurstöður miðlunargreiningar sýndu að viðhorf til launaójöfnuðar skýrir (að minnsta kosti að hluta) samband stjórn málaafstöðu og hamingju. Í ljósi þess að stuðningur fékkst við tilgátu tvö var því spáð í tilgátu þrjú að í kjölfar efnahagshrunsins hafi hamingja þeirra til vinstri ekki bedið eins mikinn hnekki og þeirra til hægri. Þessu var spáð vegna þess að efnahagshrunið er almennt álitid hafa dregið úr ofurlaunum nokkurs konar fjármála- og útrásaryfirstéttar og umræðan í samfélaginu á þá leið að launaójöfnuður

hafi þar með aukist. Ef það er rétt að andúð vinstrisinnaðra á efnahagslegum ójöfnuði í samfélaginu sé ein orsök þess að þeir áliti sig síður hamingjusama en hægrisinnaðir, ætti efnahagsbrunið því að hafa dregið úr þessum muni. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar studdu þessa röksemdafærslu og þar með þriðju tilgátu.

Þótt niðurstöður aðhvarfsgreininga hafi þar með tölfræðilega stutt allar tilgátur er ljóst að áhrifastærð var í öllum tilvikum lítil og ber að varast að alhæfa um of út frá þeim um raunverulegan mun á hamingju hægrí- og vinstrisinnaðra. Eins og sjá mátti í töflu 1 var fylgni hamingju árið 2009 og stjórnmálaafstöðu  $r = 0,052$ ,  $p < 0,001$ , og skýrði stjórnmálaafstaða undir 1% í heildardreifingu á hamingju. Raunar skýrðu bakgrunnsbreyturnar kyn, aldur, menntun og tekjur einnig lítinn hluta hamingju eða samtals um 2% af heildardreifni. Það er því ljóst að aðrir þættir en þeir sem prófaðir voru í þessari rannsókn eru megináhrifavaldar fyrir hamingju fólks. Ein ástæða lítilla áhrifastærða í þessari rannsókn getur falist í því að helstu breytur rannsóknarinnar, stjórnmálaafstaða og hamingja, voru mældar með einni spurningu. Það er þekkt að áreiðanleiki slíkra breyta er lægri en breyta sem eru samsettar úr nokkrum spurningum um sama efni og kemur það iðulega til lækkunar áhrifastærða (Kruger og Schkade, 2008). Framtíðarrannóknir ættu því að meta báða þessa þætti með nokkrum spurningum. Í þessari rannsókn var enn fremur einungis notast við tekjur svarenda sjálfra en ekki tekið tillit til heildartekna allra heimilismanna né fjölda í heimili. Það hefur líklega ekki skipt sköpum þar sem áhrif tekna voru ekki skoðuð sérstaklega heldur einungis leiðrétt fyrir áhrif þeirra. Áhrif bæði einstaklings og þjóðartekna á hamingju eru þó stórt rannsóknarefni í hamingjurannsóknnum (sjá Di Tella og MacCulloch, 2008; Kahneman o.fl., 2006) og má gefa þeim nánari gaum í framtíðargreiningum en hér var gert.

Markmið þessarar rannsóknar var ekki að skilja hvað ákvarðar hamingju heldur að prófa þá tilgátu að þrátt fyrir að aragrúi þátta hafi áhrif á hamingju hvers einstaklings þá megi engu að síður finna kerfisbundinn mun á hamingju eftir stjórnmálaafstöðu. Hér var greint í fyrsta sinn frá tengslum stjórnmálaafstöðu og hamingju meðal Íslendinga þar sem í ljós kom sama mynstur og fundist hefur í Evrópu og Bandaríkjunum. En niðurstöður þessarar rannsóknar eru einkum áhugaverðar út frá kenningalegu sjónarhorni. Niðurstöður sem sýna breytingu á tengslum hamingju og stjórnmálaafstöðu fyrir og eftir hrun eru viðbót við fyrri þekkingu og til samræmis við kenningar (Napier og Jost, 2008; Wakslak o.fl., 2007) um að það virki sem stuðpúði á óhamingju að hafa tilhneigingu til að álíta samfélagið sanngjarnt.



## Heimildir

- Alesina, A., Di Tella, R. og MacCulloch, R. (2004). Inequality and happiness: Are Europeans and Americans different? *Journal of Public Economics*, 88, 2009–2042.
- Baron, R. M. og Kenny, D. A. (1986). The moderator-mediator variable distinction in social psychological research: Conceptual, strategic, and statistical considerations. *Journal of Personality and Social Psychology*, 51, 1173–1182.
- Blanchflower, D. G. og Oswald, A. J. (2004). Well-being over time in Britain and the USA. *Journal of Public Economics*, 88, 1359–1386.
- Di Tella, R. og MacCulloch, R. (2008). Gross national happiness as an answer to the Easterlin paradox? *Journal of Development Economics*, 86, 22–42.
- Hagstofa Íslands. (2010, 15. mars). Lágtekjumörk og tekjudreifing 2004 – 2009. Sótt 10. september 2010 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=10816>
- Haidt, J. (2006). *The happiness hypothesis*. New York: Basic Books.
- Iceland is happiest place in world, says study. (2006, 29. júní). *The Guardian*. Sótt 10. september 2010 af <http://www.guardian.co.uk/world/2006/jun/29/australia-mainsection>
- Iceland, happiest nation. (2007, 29. júlí). *Icencnews.is*. Sótt 10. september 2010 af <http://www.icencnews.is/index.php/2007/07/29/iceland-happiest-nation/>
- Íslendingar eru hamingjusamastir. (2003, 31. desember). *Mbl.is*. Sótt 10. september 2010 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=772694](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=772694)
- Jost, J. T., Nosek, B. A. og Gosling, S. D. (2008). Ideology: Its resurgence in social, personality, and political psychology. *Perspectives on Psychological Science*, 3, 126–136.
- Jost, J. T., Glaser, J., Kruglanski, A. W. og Sulloway, F. (2003). Political conservatism as motivated social cognition. *Psychological Bulletin*, 129, 339–375.
- Kahneman, D., Krueger, A. B., Schkade, D., Schwarz, N. og Stone, A. A. (2006). Would you be happier if you were richer? A focusing illusion. *Science*, 312, 1908–1910.
- Kruger, A. B. og Schkade, D. A. (2008). The reliability of subjective well-being measures. *Journal of Public Economics*, 92, 1833–1845.
- Lerner M. 1980. *The belief in a just world: A fundamental delusion*. New York: Plenum Press.
- Lýðheilsustöð. (2009, 19. ágúst). Íslendingar ennþá hamingjusöm þjóð, þrátt fyrir kreppu – niðurstöður nýrrar rannsóknar. Sótt 10. september 2010 af <http://www.lydheilsustod.is/frettir/afstofnuninni/nr/2827>
- Lýðheilsustöð. (2010). *Heilsa og líðan 2007 og 2009*. Óbirt hrágögn.
- Major, B. (1994). From social inequality to personal entitlement: The role of social comparisons, legitimacy appraisals, and group membership. Í M. P. Zanna (ritstjóri), *Advances in experimental social psychology* (Bindi 26, bls. 293–355). San Diego, CA: Academic Press.
- Napier, J. L. og Jost, J. T. (2010). Why are conservatives happier than liberals? *Psychological Science*, 19, 565–572.
- Napier, J. L., Thorisdóttir, H. og Jost, J. T. (2010). The Joy of Sexism? A multinational investigation of hostile and benevolent justifications for gender inequality and their relations to subjective well-being. *Sex Roles*, 62, 405–419.
- Óábyrg ofurlaun. (2006, 3. ágúst). *Mbl.is*. Sótt 10. september 2006 af [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/08/03/oabyrg\\_ofurlaun/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/08/03/oabyrg_ofurlaun/)
- Ólafur Þ. Harðarson. (1995). Flokkar og kjósendur. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 317–328). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun.
- Skóðanakönnun Capacent Gallup fyrir Morgunblaðið og RÚV: Fólki telur ójöfnuð meiri nú. (2007, 27. apríl). *Mbl.is*. Sótt 10. september 2010 af [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/04/27/folk\\_telur\\_ojofnud\\_meiri\\_nu/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/04/27/folk_telur_ojofnud_meiri_nu/)

- Stevenson, B. og Wolfers, J. (2008). Economic growth and subjective well-being: Reassessing the Easterlin paradox. Sótt 10. september 2010 af <http://ssrn.com/abstract=1261469>
- Taylor, P., Funk, C. og Craighill, P. (2006). Are we happy yet? Sótt 10. september 2010 af <http://pewresearch.org/assets/social/pdf/AreWeHappyYet.pdf>
- Taylor, P. (2008). Republicans: Still happy campers. Sótt 10. September af <http://pew-research.org/pubs/1005/republicans-happier>
- Tekjubilíð breiðkar. (2007, 22. ágúst). *Mbl.is*. Sótt 10. september 2010 af [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/08/22/tekjubilid\\_breiðkar\\_med\\_vaxandi\\_launaskridi\\_hja\\_vr/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/08/22/tekjubilid_breiðkar_med_vaxandi_launaskridi_hja_vr/)
- Thorisdóttir, H. og Jost, J. T. (í prentun). Motivated closed-mindedness mediates the effect of threat on political conservatism. *Political Psychology*.
- Wakslak C. J., Jost, J.T., Tyler, T. R., Chen, E. S. (2007). Moral outrage mediates the dampening effect of system justification on support for redistributive social policies. *Psychological Science*, 18, 267-274.